

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forsetaúrskurðar um skiptingu starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag staðfest svohljóðandi úrskurð um skiptingu starfa ráðherra með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar og laga og reglugerða um Stjórnarráð Íslands:

*Davíð Oddsson* fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

*Halldór Ásgrímsson* fer með utanríkisráðuneytið.

*Árni M. Mathiesen* fer með sjávarútvegsráðuneytið.

*Björn Bjarnason* fer með menntamálaráðuneytið.

*Finnur Ingólfsson* fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

*Geir Hilmar Haarde* fer með fjármálaráðuneytið.

*Guðni Ágústsson* fer með landbúnaðarráðuneytið.

*Ingibjörg Pálmadóttir* fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

*Páll Pétursson* fer með félagsmálaráðuneytið.

*Siv Friðleifsdóttir* fer með umhverfisráðuneytið.

*Sólveig Pétursdóttir* fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

*Sturla Böðvarsson* fer með samgönguráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 28. maí 1999.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 28. maí 1999 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Á eftir 14. tölul. liðar I í 5. gr. komi nýr töluliður, er verður 15. tölul., og hljóði svo:

15. Norræna fjárfestingarbankann (NIB).

## 2. gr.

8. tölul. 13. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990 og 3. gr. auglýsingar nr. 103/1997, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, fellur brott.

## 3. gr.

Á eftir orðinu „Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD)“ í 2. tölul. 15. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990 og 1. gr. auglýsingar nr. 14/1994, sbr. ennfremur 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, komi: Norræna fjárfestingarbankann (NIB).

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi við birtingu auglýsingar um staðfestingu hennar.

*Forsætisráðuneytinu, 28. maí 1999.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

## FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 8. júní 1999.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 8. júní 1999, kl. 13.30.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett í Alþingishúsinu.

*Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*